

Nefndasvið Alþingis
Austurstræti 8-10
101 Reykjavík
b/t fjárlaganefndar



Reykjavík, 27. apríl 2017

Efni: Umsögn um tillögu til þingsályktunar um fjármálaáætlun fyrir árin 2018–2022, 402. mál

I. Almenn

Samtök ferðaþjónustunnar (SAF) vísa til tölvupósts fjárlaganefndar Alþingis, dags. 10. apríl sl., þar sem óskað er umsagnar samtakanna um tillögu til þingsályktunar um fjármálaáætlun fyrir árin 2018–2022, 402. mál. SAF hafa kynnt sér efni fyrirbyggjandi tillögu til þingsályktunar og vilja samtökin koma á framfæri við fjárlaganefnd eftirfarandi athugasemdum hvað þá tillögu varðar.

Af gefnu tilefni ítrekast að umsögn þessi tekur ekki á álitamálum hvað varðar boðaðar breytingar á virðisaukaskatti en samtökin gera sérstaka grein fyrir þeim álitamálum í sérstakri umsögn sem er send samhliða umsögn þessari.

II. Tryggingagjald

SAF gera athugasemdir hvað varðar breytingar á því er ráða má af fyrirbyggjandi tillögu að lækkun tryggingargjalds sé skilyrt við svigrúm sem kann að skapast samhliða breytingum á virðisaukaskatti. Hvað þetta varðar áréttu SAF að fyrir liggur loforð stjórnvalda um að lækka tryggingagjaldið niður í það sem það var fyrir hrun viðskiptabankanna. Tryggingagjaldið hefur hamlandi áhrif á samkeppnisrekstur fyrirtækja og draga úr getu þeirra til að fjölga starfsfólki og stunda þróunarstarf. Gjaldið var hækkað tímabundið árin 2009 og 2010 úr 5,34% í 8,65% til að mæta verulegu tekjutapi ríkissjóðs og auknu atvinnuleysi. Því er lækkun gjaldsins ekki einungis efndir á loforði sem stjórnvöld gáfu þegar fyrrnefndar hækkanir áttu sér stað heldur er hún mikilvæg og viðurkennd forsenda kjarasamninga á almennum vinnumarkaði sem gerðir voru í upphafi árs 2016 svo að fyrirtæki geti mætt umsömdum launahækkunum og hækkuð lífeyrisiðgjalda úr 8% af launum í 11,5% án frekari verðþenslu.

Í ljósi þessa gagnrýna SAF harðlega þá breytingu sem boðuð er í fyrirbyggjandi tillögu um að lækkun tryggingargjalds verði skilyrt með þeim hætti sem kveðið er á um í tillögunni og áréttu

samtökin að lækkun þess er undirorpin áður nefndu samkomulagi sem þegar hafa verið gefin af stjórnvöldum.

III. Vörugjöld á bílaleigur

SAF vekja sérstaklega athygli á að samkvæmt fyrirbyggjandi tillögu er ekki gert ráð fyrir að ákvæði XVI. til bráðabirgða við lög um vörugjald af ökutækjum, eldsneyti o.fl., nr. 29/1993, sem varðar álagningu vörugjalda á bifreiðar sem ætlaðar eru til útleigu hjá bílaleigum, verði framlengt. Að óbreyttu fellur umrætt ákvæði niður um komandi áramót. Í þessu samhengi benda SAF á að samtökin ítrekað hafi verið vakin athygli á að niðurfelling ákvæðisins mun hafa verulega íþyngjandi áhrif á aðildarfyrirtæki samtakanna og hafa samtökin gagnrýnt hækkun vörugjalda á bílaleigubíla og einnig hömlur á að losa bíla úr landi. Vísast hér m.a. til umsagna SAF um frumvörp til laga um ýmsar forsendur fjárlaga fyrir bæði árin 2016 og 2017, dags. 7. október 2015 og 14. desember 2016. Benda SAF á að allt að fjögurra milljarða álögur munu því leggjast á bílaleigur um næstu áramót, 1. janúar 2018, þegar bílaleigubílar fara í efsta þrep vörugjalda samkvæmt boðuðum breytingum. Er um að ræða viðbót við þær fjárhagslegu kvaðir sem þessi fyrirtæki hafa þegar axlað í sínum rekstri sem afleiðing óhagstæðs gengis og almennra kostnaðarhækkana síðustu misseri og telur sá viðbótarkostnaður í tugum prósentu.

Ítreka SAF í þessu samhengi að líta verði til ýmis konar hagræði sem leiðir af starfsemi bílaleiga og þeirra bílaflota. Þannig eru bílaleigubílar til þess fallnir að jafna álag á vegakerfið og dreifa ferðamönnum um landið. Nýir og nýlegir bílar eru einnig öruggari en eldri bílar og betur í stakk búnir að takast á við erfiðar akstursaðstæður hér á landi. Að mati SAF ætti því að vera forgangsmál að tryggja eftir bestu getu að lagaumhverfi hér á landi standi ekki í vegi fyrir nauðsynlegri endurnýjun bílaflota bílaleiga eða hamli uppbyggingu hans á nokkurn hátt og dragi þannig úr því markmiði innlendra aðila, sem og stjórnvalda, að auka gæði innlendar ferðaþjónustu í alþjóðlegri samkeppni.

Bílaleigubílar eins og leigubílar og sérútbúnað bifreiðar hafa verið skilgreind sem atvinnutæki og því greitt vörugjöld samkvæmt sér vörugjaldaflökki. Sama á við um önnur atvinnutæki sem ekki bera vörugjöld, en bílaleigubílar verða við boðaða breytingu einu atvinnutækin sem bera full vörugjöld. Gangi boðaðar breytingar eftir óbreyttar mun bílaleigum verða gert nánast ómögulegt að selja notaðar bifreiðar úr landi og var það þó erfitt fyrir.

Þá þarf að hafa hugfast að allar aðgerðir stjórnvalda og inngríp í starfsemi þessara fyrirtækja sem hefur í för með sér skerta samkeppni á alþjóðavísu og íþyngir útflutningi á notuðum bílum hefur einnig í för með sér afar skaðleg áhrif á innlendan markað með notaðar bifreiðir þar sem stuðlað er að offramboði þeirra. Því er mikilvægt að tryggja jafnvægi á innlendum markaði með því að stuðla að samkeppnishæfum útflutningi notaðra bifreiða.

Þessu til viðbótar er vakin athygli á að rekstrarskilyrði bílaleiga hér á landi er á margan hátt ósambærileg við þau skilyrði sem sama og sambærileg starfsemi býr við í samkeppnislöndum þar sem vaxtastig hér er mun hærra, afföll meiri og gríðarleg samkeppni á takmörkuðum endursölumarkaði. SAF benda á að endursala bílaleigubíla á almennan markað hefur verið í línu við það sem nýskráð hefur verið á undanförunum árum. Þannig má reikna með að um 10.000 bílaleigubílar verði í boði á almennum markaði á þessu ári. Ef sú spá heldur þá má fastlega gera ráð fyrir að offramboð myndist á markaði notaðra bifreiða. SAF leggja ríka áherslu á að mæta þurfi þessari þróun með það að markmiði að bílaleigum verði kleift að losa bifreiðar úr landi án kvaða. Núgildandi reglur um útflutning eru hins vegar verulega íþyngjandi og ekki til þess fallnar að auðvelda fyrirtækjum að koma umframflota sínum úr landi.

Þá ítreka SAF að enn er að störfum nefnd á vegum fjármála- og efnahagsráðuneytis um skattlagningu ökutækja og eldsneytis og felur starf nefndarinnar m.a. í sér mörkun

framtíðarstefnu varðandi þátttöku vistvænna bifreiða í fjármögnun uppbyggingar og rekstrar samgöngukerfisins. Hvað það starf varðar benda SAF á að í nefndaráliti efnahags- og viðskiptanefndar Alþingis, þegar boðaðar breytingar voru samþykktar haustið 2015, var skýrt kveðið á um samráð við greinina við að skoða skattbyrði bílaleiga þar sem segir m.a.:

„Í því samhengi vill meirihlutinn taka fram að hann væntir þess að skattbyrði bílaleiga verði skoðuð á heildrænan hátt við heildarendurskoðun skattlagningar á ökutæki og eldsneyti. Í þeirri vinnu leggur meiri hlutinn áherslu á að ríkt samráð verði haft við alla hagsmunaaðila í greininni.“

Að gefnu tilefni benda SAF á að tilvísað samráð og skoðun á skattbyrði hefur ekki farið fram og því reiðarslag í formi aukinna áлага að skella á bílaleigum frá og með næstu áramótum.

Með vísan til framanritaðs kalla SAF eftir því að stjórnvöld hefji boðað samráð um skattbyrði bílaleigufyrirtækja í samráði við fyrirtækin með málefnaleg sjónarmið að leiðarljósi, og fresti breytingum á skattaumhverfi bílaleiga þar til niðurstaða er komin í þau mál.

IV. Framkvæmdasjóður ferðamannastaða

SAF gera athugasemdir hvað varðar breytingar á fjárframlögum vegna Framkvæmdasjóðs ferðamannastaða. Vísa SAF hér til umfjöllunar um málefnasvið 14 og 17 á bls. 67-68 í fyrirliggjandi tillögu, annars vegar hvað varðar ferðabjónustu og hins vegar umhverfímál. Eins og fram kemur í umfjöllun um málefnasvið 14 er gert ráð fyrir ráð fyrir að framlög til uppbyggingar á innviðum á ferðamannastöðum verði samtals um 4 ma.kr. á tímabilinu, eða nærri 800 m.kr. á ári. Þá segir einnig að í síðustu fjármálaáætlun hafi verið gert ráð fyrir tæplega 1,2 ma.kr. framlagi á ári en nú er gert ráð fyrir að 400 m.kr. af þeim verði fluttar á málefnasvið 17, þ.e. umhverfismál, með það að markmiði að hrinda af stað framkvæmd landsáætlunar um uppbyggingu innviða til verndar náttúru og sögulegum minjum. Er þetta ítrekað í umfjöllun um málefnasvið 17, þ.e. að 400 m.kr. verða fluttar af Framkvæmdasjóði ferðamannastaða, þ.e. af málefnasviði 14 um ferðabjónusta, yfir á þetta svið til að hefja framkvæmd áður nefndrar landsáætlunar.

SAF fagna almennt auknu fjárframlagi er viðkemur uppbyggingu á ferðamannastöðum og fljótt á litið mætti ætla að þær breytingar sem lagðar eru til í fyrirliggjandi tillögu séu til þess fallnar að efla slíka uppbyggingu. Eftir sem áður er það skoðun SAF að tilfærsla á milli málefnasviða muni að miklu leyti renna óskert í ýmsan rekstrarkostnað, s.s. áætlanagerð, í stað uppbyggingar og framkvæmda á ferðamannastöðum. Er því vandséð hvort framlög hafi í raun verið aukin til framkvæmda á þessum stöðum þar sem stór hluti þess fjármagns fer í rekstur og áætlanagerð í stað úthlutunar til framkvæmda.

SAF ítreka að samtökin eru fylgjandi áður nefndri landsáætlun og markmiðum um að efla þá áætlun samhliða eflingu á starfsemi Framkvæmdasjóðs ferðamannastaða. Hins vegar leggja SAF gegn því að sú áætlun sé fjármögnuð með fjárframlagi úr Framkvæmdasjóði ferðamannastaða. Því er að mati SAF mikilvægt að tryggja að landsáætluninni verði markaðar tekjur úr fjárlögum án frekari skerðingar á framlögum til sjóðsins.

Þá telja SAF mikilvægt að tryggja að sú skerðing á framlögum til uppbyggingar innviða á ferðamannastöðum, og kom til við afgreiðslu á fjárlögum fyrir árið 2017, verði afturkölluð enda var um mistök að ræða eins og komið hefur fram í máli formanns fjárlaganefndar á opinberum vettvangi.

Telja SAF verulega brýnt að ráðist verði tafarlaust í nauðsynlegar framkvæmdir á ferðamannastöðum í samræmi við 2. mgr. 1. gr. laga um Framkvæmdasjóð ferðamannastaða,

nr. 75/2011, og því mikilvægt að fjárframlög verði tryggð til að stuðla að framkvæmdum og uppbyggingu.

V. Efling á eftirliti með leyfislausri starfsemi

SAF benda á að í fyrirliggjandi tillögu er víða vikið að hlutverki sýslumannsembætta og umfangi þeirra verkefna sem þessum embættum er falið lögum samkvæmt. Hvað þetta varðar leggja SAF ríka áherslu á mikilvægi þess að efla starfsemi þessara embætta er viðkemur eftirliti með leyfislausri starfsemi ýmis konar. Í því samhengi vísa SAF sérstaklega til breytinga sem gerðar voru á lögum um veitingastaði, gististaði og skemmtanahald, nr. 84/2007, á liðnu ári og vörðuðu m.a. fyrirkomulag hvað varðar heimagistingu. Með umræddum breytingum var komið á skráningarskyldu heimagistingar á þá vegu að frá og með 1. janúar sl. ber aðilum að tilkynna sýslumanninum á höfuðborgarsvæðinu að hann hyggist leigja út lögheimili sitt eða aðra fasteign í sinni eigu, þ.e. skylda til skráningar á slíkri starfsemi.

Að gefnu tilefni benda SAF á að samkvæmt fréttum af eftirfylgni með skráningarskyldu þessari hefur eingöngu verið sótt um leyfisnúmer fyrir lítinn takmarkaðan hluta þeirra eigna sem nýttar eru í heimagistingu. Ítrekast í þessu samhengi að nærri fjögur þúsund íbúðir, herbergi eða hús hafa staðið til boða á bókunarsíðum á borð við Airbnb hér á landi síðustu misseri. Þessu til fyllingar, og til marks um umsvif heimagistingar hér á landi, benda SAF á að samkvæmt frétt á vefsíðunni turisti.is, hinn 12. apríl sl., seldi bókunarsíðan Airbnb 1,3 milljónir gistinátta hér á landi í fyrra en til samanburðar voru gistinætur á íslenskum hótélum 3,8 milljónir á sama tímabili samkvæmt tölum Hagstofunnar sem felur í sér að Airbnb, eitt og sér, miðlar álíka mörgum gistingum og þriðjungur íslenskra hótela gerir samanlagt. Samkvæmt sömu frétt var miðgildi leigutekna íslenskra leigusala hjá Airbnb nærri 1,2 milljónir í fyrra á sama tíma og tekjurnar í Danmörku og Finnlandi voru 240 þúsund krónur en um 280 þúsund í Danmörku og Noregi.

SAF benda á að skráning heimagistingar hefur verið gerð aðgengileg með rafrænum og einföldum hætti inni á heimasíðunni www.heimagisting.is þar sem einnig má nálgast helstu upplýsingar og leiðbeiningar um þá skráningu. Því hafa stjórnvöld lagt sitt að mörkum við að einfalda alla skráningu. Það er því sérstakt áhyggjuefni að ekki hefur sótt um leyfi fyrir nema lítinn hluta þeirra eigna sem nýttar eru í heimagistingu frá því að lagabreytingin tók gildi. Þá er að sama skapi samkeppni raskað á markaði með gistingar þar sem meginþorri þeirra aðila sem bjóða upp á heimagistingu hafa ekki undirgengist þær opinberu kröfur sem um þá starfsemi gilda. Er samkeppni þannig bæði raskað gagnvart aðilum sem starfa samkvæmt ströngum skilyrðum og leyfisveitingu opinberra aðila sem og þeim fáu aðilum sem sótt hafa um skráningu eigna sinna vegna heimagistingar og skila sköttum og skyldum til samfélagsins.


Til viðbótar við röskun á samkeppni þá er um að ræða ákveðna eftirgjöf á öryggiskröfum enda þarf að tryggja að stífar öryggiskröfur um gististarfsemi taki til allra sem bjóða upp á slíka þjónustu. Með vanrækslu á skráningu heimagistingar er því verið að undanþiggja tiltekna starfsemi þeim öryggiskröfum sem um þá starfsemi á að óbreyttu að gilda. Að sama skapi hefur vanræksla á skráningu á heimagistingu áhrif á opinbert eftirlit með tekjum af tiltekinni starfsemi sem felur í sér tekjutap fyrir ríkissjóð.

SAF ítreka að skráning heimagistingar er ekki valkvæð skráning heldur lagaleg skylda. Að sama skapi er sýslumanninum á höfuðborgarsvæðinu heimilt að leggja stjórnvaldssektir á hvern þann sem rekur heimagistingu án skráningar. Eftir sem áður er staðan sú að einungis örfáir aðilar hafa skráð eign sína. Burt séð frá heimildum til að leggja stjórnvaldssektir á óskráða aðila þá telja SAF verulegt hagsmunamál að aðilar sem selja út gistingu, hvort sem það er heimagisting eða annars konar gisting, uppfylli þær kröfur sem á þeim aðilum hvíla samkvæmt ákvæðum laga um veitingastaði, gististaði og skemmtanahald eða annarra sérlaga.

Með vísan til framanritaðs hvetja SAF hér með Alþingi að tryggja að í fyrirbyggjandi tillögu verði einnig tekið tillit til þessa hlutverks sýslumansins á höfuðborgarsvæðinu að viðhafa skilvirkt eftirlit með skráningu heimagistingar. Þannig verði í fjármálaætlun gert ráð fyrir fjárheimildum til að efla þá starfsemi embættisins á þá vegu að því verði fært að sinna eftirliti með ákvæðum laga um veitingastaði, gististaði og skemmtanahald og þannig tryggt að hlutaðeigandi aðilar skrái sína heimagistingu.

Er framangreindu hér með komið á framfæri við fjárlaganefnd Alþingis. Þá vísa SAF til sérstakrar umsagnar samtakanna, sem send er samhliða umsögn þessari, um boðaðar breytingar á virðisaukaskatti í fyrirbyggjandi áætlun. Samtökin áskilja sér rétt til að koma frekari athugasemdum á framfæri á síðari stigum og lýsa sig um leið reiðubúin til að funda um efnið sé þess óskað af hálfu nefndarinnar.

Virðingarfyllt,
f.h. Samtaka ferðapjónustunnar



Helga Árnadóttir
Framkvæmdastjóri SAF